



REGLUGERÐ

Um íshökkí kvenna

1. gr.

Skipa skal nefnd um íshökkí kvenna á vegum ÍHÍ og skal hún skipuð að lágmarki þremur og að hámarki fimm aðilum sem skipta með sér verkum. Stjórn ÍHÍ tilnefnir í nefndina og skal stjórnarmaður veita nefndinni forystu.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að starfa að málum er snúa að íshökkí kvenna, öðru en landsliðsstarfi.

3. gr.

Nefndin skal móta og viðhalda stefnu fyrir framþróun íshökkís kvenna á Íslandi.

4. gr.

Nefndin skal gera áætlun um þróun á íshökkí kvenna á Íslandi bæði til skamms og lengri tíma og vinna að því að áætluninni sé fylgt eftir.

5. gr.

Nefndin skal styðja við starfssemi annarra nefnda í málum er lúta að íshökkí kvenna.

6. gr.

Halda skal fundi eins oft og þurfa þykir og er heimilt að halda símafundum.

7. gr.

Nefndin skal skila skýrslu um starfsemi sína til stjórnar ÍHÍ mánuði fyrir Íshökkíþing.